

Vinnuvélatrygging

Skilmáli nr. E-37

Almennt:

Þessi váttrygging er samansett af einni eða fleirum af eftirfarandi váttryggingum:

- Húftrygging:** bætir skemmdir á vinnuvél þeirri sem tilgreind er á skírteini.
- Ábyrgðartrygging:** tekur til skaðabótaábyrgðar utan samninga, sem fellur á váttryggðan sem eigenda tilgreindrar vinnuvélar og myndast við notkun hennar.
- Brunatrygging:** bætir skemmdir vegna bruna á vinnuvél þeirri sem tilgreind er á skírteini.

Váttryggingin samanstendur af tveimur skjölum. Annars vegar váttryggingarskírteini sem er persónubundið við hvern váttryggingartaka fyrir sig og hins vegar þessum skilmála.

Váttryggingin, bótasvið hennar og almenn skilyrði eru afmörkuð í þessum skilmála. Það er því mikilvægt að kynna sér efni skilmálans og váttryggingarskírteinisins. Ef misræmi eða villa kemur fram í þessum skjölum er mjög mikilvægt að láta félagið vita sem fyrst.

Skilgreiningar:

Til að auðvelda lestur skilmálans og koma í veg fyrir misskilning eða óvissu þá gilda eftirfarandi skilgreiningar á tilteknum orðum í öllum skilmálanum og merkja alltaf það sama.

Félagið: Vörður tryggingar hf.

Váttryggingartaki: Sá sem tekur váttrygginguna í sínu nafni og er jafnframt greiðandi hennar.

Váttryggðir/ur: Váttryggingartaki, enda sé hann eigandi hinnar váttryggðu vinnuvélar.

Váttryggingarfjárhæð: Sú fjárhæð sem tiltekin er á váttryggingarskírteini sem hámarksbætur fyrir hvern váttryggingarlið fyrir sig.

Mikilvægt:

Það bótasvið sem talið er upp í skilmálanum er tæmandi talið. Váttryggingin nær því ekki yfir tjón eða óhöpp sem ekki teljast bótaskyld samkvæmt skilmálanum.

Um váttrygginguna gilda váttryggingaskírteinið ásamt áritun og sérskilmálum, skilmálar þessir, almennir skilmálar félagsins nr. AS-1 og ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í almennum skilmálum ganga framár ákvæðum þessara skilmála ef ekki er fullt samræmi þar á milli.

1. kafli. Húftrygging

1. gr. Hverjir eru váttryggðir

Váttryggður er eigandi þeirrar vinnuvélar sem tilgreind er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

2. gr. Hið váttryggða

2.1 Váttryggðar eru allar vélar og öll þau tæki, sem greind eru í sundurliðun skírteinis.

2.2 Eftirfarandi váttryggist eingöngu samkvæmt sérstökum samningi við félagið:

- tæki til neðanjarðargangnagerðar og námuvinnslu.

- vélar og tæki á strandvinnuþöllum eða þrómmum og flatbytnum.

2.3 Kostnaður við að bjarga niðurgrofnum eða sokknum vélum er undanþeginn nema um slíkt sé samið sérstaklega við félagið og áritun um greiðslu slíks björgunarkostnaðar sé á váttryggingarskírteini.

3. gr. Tjónsorsakir sem váttryggingin nær til

3.1 Félagið bætir skemmdir á vinnuvélinni sjálfri og eðlilegum aukahlutum, svo sem grjótgrindum og venjulegum útvörðum, af eldingu, eldsvoða (ef eldur verður laus) og sprengingu sem stafar af honum, af árekstri, áakstri, veltu eða hrapi vinnuvélarinnar, grjóthruni, snjóflóði úr fjallshlíð og skriðufalli.

3.2 Félagið bætir skemmdir sem verða á tækinu sé því stolið eða tilraun gerð til að stela því. Ennfremur bætir félagið skemmdir af völdum skemmdarverka en þó eru undanskildar skemmdir er verða við tilvik sem lýst er í gr. 25 í Almennum skilmálum, AS-1. Félagið krefst lögregluskýrslu sem sönnun fyrir tjóni samkvæmt þessari grein.

3.3 Félagið bætir skemmdir, sem verða á vinnuvélinni af völdum stórviðris, enda hafi vindhraði, þá er tjón varð, náð yfir 30 m/sek. Við mat á vindhraða skal lögð til grundvallar mæling Veðurstofu Íslands. Tjón af völdum þess að sandur, möl, aska, vikur eða önnur jarðefni fjúka á vinnuvélina bætist þó ekki.

3.4 Félagið bætir skemmdir er verða á vinnuvélinni við flutning á henni með öðru flutningstæki á landi.

3.5 Félagið bætir brot á rúðum vinnuvélarinnar. Það telst ekki brot þótt flísist úr rúðu eða hún rispist eða skrámist. Ekki greiðast bætur fyrir rúður sem brotna við úrtöku eða ísetningu.

3.6 Félagið greiðir kostnað við flutning vinnuvélarinnar til næsta viðurkennda viðgerðarverkstæðis verði vinnuvélin óökufær af völdum áreksturs, áaksturs, útafaksturs eða veltu.

4. gr. Undanþágur frá bótaskyldu

Félagið greiðir ekki bætur þegar:

4.1 tjóni er valdið af ásetningu eða stórkostlegu gáleysi váttryggðs;

4.2 skemmdir verða af efnisgalla, hönnunargalla, smíðagalla eða viðgerðargalla en þó bætast skemmdir sem hljótast af þessum orsökum á öðrum hlutum vinnuvélarinnar ef um áakstur, árekstur, veltu eða útafakstur er að ræða;

4.3 skemmdir verða af sliti eða ófullnægjandi viðhaldi, fúa, tæringu, málmþreytu eða sambærilegum orsökum;

4.4 tjón eða skemmdir sem eru á ábyrgð framleiðenda eða seljanda samkvæmt lögum eða samningum;

4.5 vinnuvél gegnblotnar að hluta til eða algerlega vegna sjávarfalla, sbr. þó gr. 2.2;

5. gr. Einstakir hlutar vinnuvélarinnar

Félagið bætir ekki:

5.1 skemmdir er aðeins varða hjól, hjólbarða, reimar, skriðbelti, keðjur, lyftu- eða færribönd, fjaðrir, rafgeymi, gler (annað en rúður), sbr. gr. 3.5, viðtæki og önnur hljómtæki svo og tjón vegna stuldar einstakra hluta vinnuvélarinnar og skemmdir, sem af því stafa;

5.2 skemmdir á rafbúnaði vinnuvélarinnar er hljótast af skammhlaupi, sem ekki veldur eldsvoða;

5.3 skemmdir á strokkum, kæli eða öðrum hlutum vinnuvélarinnar er stafa af því að kælivatnið frýs eða af öðrum áhrifum veðráttu;

5.4 skemmdir á málningu eða rispur á húsi og hlífum vinnuvélarinnar.

6. gr. Notkun erlendis

Váttryggingin nær ekki til notkunar utan Íslands, nema sérstaklega sé um það samið. Sama gildir meðan vinnuvélin er flutt milli landa.

7. gr. Tilkynning um tjón – Ráðstafanir vegna tjóns

Þegar tjón er orðið skal váttryggður tafarlaust tilkynna félaginu það skriflega. Er tjón hefur orðið, eða bein hætt er á því að það muni bera að höndum, ber váttryggðum að reyna að afstýra tjóni eða draga úr því. Einnig ber váttryggðum að gera ráðstafanir til að tryggja endurgreiðslu félagsins ef hann á rétt til bóta frá þriðja manni. Váttryggður skal gefa félaginu kost á að skoða og meta tjónið áður en viðgerð hefst eða skemmdum munum er ráðstafað. Vanræksla á þessum skyldum váttryggðs getur valdið skerðingu eða missi váttryggingarverndar eftir lögum um váttryggingarsamninga.

8. gr. Framsal réttar – Endurkröfuréttur

Váttryggður má ekki án samþykkis félagsins framselja eða veðsetja réttindi sín samkvæmt váttryggingarsamningnum. Bæti félagið tjón, sem þriðji maður ber skaðabótaábyrgð á öðlast það rétt váttryggðs gagnvart honum að því marki sem bótunum nemur.

9. gr. Váttryggingarfjárhæð

Váttryggingarfjárhæð hverrar vinnuvélar er tilgreind á skírteini eða endurnýjunarkvittun. Félagið krefst þess að váttryggingarfjárhæð vinnuvélar sé jöfn nývirði sambærilegrar vélar (þ.e. jöfn kostnaðinum af endurnýjun váttryggðrar vélar og tækja með nýjum búnaði sömu tegundar og með sömu afköstum, ásamt öllum gjöldum

og uppsetningarkostnaði). Fjárhæð bóta vegna skemmda á vinnuvél sem verða á einu váttryggingartímabili fer ekki fram úr tilgreindri váttryggingarfjárhæð. Bætur vegna altjóns á vinnuvélinni geta aldrei farið fram úr váttryggingarfjárhæð nema vegna vaxta af tjónskrófu sbr. gr. 16.2. Váttryggingartaki á þó rétt á að halda óbreyttri váttryggingavernd eftir tjón gegn því að greiða viðbótariðgjald.

10. gr. Algert tjón

Félagið greiðir bætur fyrir algert tjón, ef:

- 10.1 vinnuvélin verður fyrir svo miklum skemmdum að félagið álitur ekki borga sig að gera við hana;
- 10.2 vinnuvélinni er stolið og hefur ekki fundist innan 4 vikna frá því að félaginu og lögreglu var tilkynnt um atburðinn.

11. gr. Bætur fyrir algert tjón

Verði algert tjón ber félaginu að greiða raunvirði vinnuvélarinnar á tjónsdegi. Raunvirði telst vera sú fjárhæð er þurft hefði til kaupa á hinu váttryggða á því verðlagi er síðast var á sambærilegu tæki (gegn staðgreiðslu).

12. gr. Viðgerðarkostnaður

Skemmist vinnuvélin án þess að skilyrði 10. gr. séu fyrir hendi greiðir félagið kostnað við að gera tækið, að svo miklu leyti sem unnt er, eins og það var fyrir tjónið. Félagið hefur rétt til að greiða annað hvort viðgerðarkostnað eða bætur fyrir áætlaðan viðgerðarkostnað. Náist ekki samkomulag um áætlaðan viðgerðarkostnað skulu dómkvaddir menn meta hann. Lækkun á markaðsverði vinnuvélarinnar, óbeint tjón, svo sem afnotamissir, aukaútgjöld vegna vinnu utan venjulegs vinnutíma eða aukakostnaður vegna sérpantana á varahlutum bætist ekki. Leita skal fyrir fram samþykkis félagsins á viðgerðaraðila. Félaginu er ekki skylt að greiða bætur fyrir viðgerð sem hafin er án samþykkis þess.

13. gr. Endurnýjun einstakra hluta

Verði ágreiningur um hvort eða að hve miklu leyti félagið skuli taka þátt í endurnýjun einstakra hluta vinnuvélarinnar má skjóta honum til úrskurðar dómkvaddra manna. Þeim aðila sem matið gengur í vil ber eigi að greiða matskostnað.

14. gr. Eigin áhætta

Af hverju tjóni ber váttryggingartaki eigin áhættu eins og getið er á gildandi váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

16. gr. Vísitala- vextir af tjónskrófum

- 16.1 Váttryggingarfjárhæðir og fjárhæðir sjálfsábyrgða í þessari váttryggingu fylgja þróun verðlags í landinu og breytast þessar fjárhæðir því samkvæmt vísitölu neysluverðs við hverja endurnýjun þessarar váttryggingar.
- 16.2 . Vextir reiknast ekki af tjónskrófu ef krafan er miðuð við verðlag síðar en váttryggingaratburður átti sér stað og skal þá krafan bera vexti sem miðast við það tímamark.

17. gr. Varúðarreglur- áhættuaukning

- 17.1 Váttryggingartaka og þeim sem samsamast honum ber að fara eftir þeim varúðarreglum sem félagið setur í þessum skilmála eða á váttryggingarskírteini. Misbrestur á því getur leitt til skerðingar eða brottfalls bótaábyrgðar skv. 26. gr. laga nr. 30/2004.
- 17.2 Iðgjald þessarar váttryggingar fer eftir notkun váttryggðs hlutar eða starfsemi sem hann er notaður í og gefnar eru upplýsingar um við váttryggingartöku. Sé tiltekin ákveðin notkun/starfsemi á hinu váttryggða á váttryggingarskírteini og notkun/starfsemi breytist ber váttryggðum og/eða þeim sem réttar njóta samkvæmt váttryggingu þessari að tilkynna félaginu það jafnskjótt og þeim er kunnugt um breytinguna. Misbrestur á því getur valdið takmörkun á ábyrgð félagsins skv. 25. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.
- 17.3 **Varúðarregla: Sé vinnuvélin með lokuðu læsanlegu húsi skal henni tryggilega læst þegar farið er frá henni og rúðum eða sóllúgu lokað. Lyklar að vinnuvélinni skulu geymdir á öruggum stað þar sem óviðkomandi eiga ekki greiðan aðgang.**
- 17.4 **Varúðarregla: Váttryggður skal vera í líkamlegu ástandi til þess að gera stjórnad vinnuvélinni örugglega og ekki undir áhrifum áfengis, örvandi eða deyfandi lyfja.**
- 17.5 **Varúðarregla: Váttryggður skal hafa hæfni til þess að stjórna vinnuvélinni örugglega og hafa til þess tilskilin réttindi.**
- 17.6 **Varúðarregla: Váttryggður og sá sem hefur vinnuvélina undir höndum skal sjá til þess hún sé í lögmæltu ástandi og að notkun eða meðferð vinnuvélarinnar sé í samræmi við leiðbeiningar og þjónustuhandbók framleiðanda. Sérstaklega ber að sjá um að öryggistæki séu í lagi.**

2. kafli Ábyrgðartrygging

18. gr. Hverjir eru váttryggðir?

Váttryggingartaki og starfmenn hans eru váttryggðir.

19. gr. Ábyrgð í atvinnurekstri

Váttryggingin tekur til skaðabótaábyrgðar utan samninga, sem fellur á váttryggðan vegna slysa á mönnum eða skemmda á munum, vegna vinnuvélar þeirrar, sem getið er í skírteini eða iðgjaldskvittun.

20. gr. Samningar um bætur og bótafjárhæð

Váttryggingin tekur ekki til bótaábyrgðar, sem stofnast vegna loforðs frá váttryggðum um að hann beri viðtækari ábyrgð en venjulega skaðabótaskyldu utan samninga. Sama gildir um samning, sem felur í sér loforð um aðrar eða meiri bætur en leiðir af almennum reglum um ákvörðun bóta utan samninga.

21. gr. Almennar undantekningar vegna skemmda á munum

Vátryggingin tekur ekki til ábyrgðar vegna skemmda á munum eða glötunar muna, sem:

- 21.1 vátryggður á einn eða með öðrum;
- 21.2 vátryggður hefur að láni, á leigu, til geymslu, sölu, flutnings eða eru af öðrum ástæðum í vörslu hans, þar á meðal munir, sem vátryggður hefur tekið í heimildarleysi;
- 21.3 vátryggður tekur að sér að gera við, hreinsa, setja upp eða vinna við með einum eða öðrum hætti, ef tjónið verður af verkinu eða við verkið.

22. gr. Aðrar almennar undantekningar

Vátryggingin tekur ekki til:

- 22.1 Tjóns sem hlýst af því, að söluvara berst viðtakanda ekki, eða ekki í tæka tíð, eða greiðsla er ekki innt af hendi á réttum tíma.
- 22.2 Tjóns sem starfsábyrgðartrygging tekur til hvort sem hún er fyrir hendi eða ekki.
- 22.3 Tjóns sem hlýst af eldsvoða, kjarnorku eða geislavirkum efnum.
- 22.4 Tjóns sem beint eða óbeint stafar af efninu asbest (asbestos) eða efnis sem inniheldur asbest að einhverju leyti.
- 22.5 Tjóns sem beint eða óbeint, að öllu leyti eða hluta, stafar af hvers kyns áhrifum tímaskráningar á starfsemi búnaðar, kerfa eða samblands þessa hvoru tveggja.
- 22.6 Tjóns sem beint eða óbeint, að öllu leyti eða hluta, stafar af umsjón eða ráðgjöf um áhrif tímaskráningar á starfsemi búnaðar, kerfa eða samblands þess hvoru tveggja.
- 22.7 Tjóns sem tekur til loftfars eða er afleiðing notkunar þess, á rót sína að rekja til áfyllingar flugeldsneytis eða verður til vegna reksturs flugvalla.

23. gr. Undanskildar áhættur, sem vátryggja má sérstaklega gegn greiðslu viðbótariðgjalds

Félagið greiðir ekki:

- 23.1 Skaðabótakröfu, sem fellur á vátryggðan sem eiganda eða notanda skráningarskylds ökutækis, loftfars, skips, báts eða annarra farartækja.
- 23.2 Skaðabótakröfu vegna tjóns, sem hlýst við byggingarframkvæmdir á fasteign, sem vátryggður á eða notar.
- 23.3 Skaðabótakröfu vegna tjóns sem hlýst af þunga vinnuvélarinnar t.d. á brúm, vegum eða lögnum í jörðu.

24. gr. Mengunartjón

Vátryggingin tekur ekki til tjóns, sem rakið verður til mengunar lofts, jarðar, gróðurs, vatns eða sjávar. Félagið greiðir þó bætur vegna slíks tjóns, ef það verður rakið til eins skyndilegs og óvænts atburðar og því verði ekki um kennt, að vátryggður hafi með ásetningi eða stórfelldu gáleysi látið hjá líða að fara eftir opinberum fyrirætlum, sem gilda á hverjum tíma.

25. gr. Laun í slysaforföllum og bætur frá slysatryggingum

Ef vátryggður hefur starfsmenn í vinnu er það gert sem skilyrði að vátryggður kaupi atvinnuslysatryggingu í samræmi við kjarasamninga og lög. Bætur vegna líkamstjóns starfsmanna vátryggðs, sem greiða ber úr umsaminni eða lögboðinni atvinnuslysatryggingu, koma að fullu til frádráttar bótum úr ábyrgðartryggingunni, stafi tjónið af notkun hinnar vátryggðu vinnuvélar. Sama á við um fjárhæðir, sem greiða hefði átt úr umsaminni eða lögboðinni atvinnuslysatryggingu, sem atvinnurekandi hefur vanrækt að kaupa eða halda í gildi. Laun, sem vátryggðum ber samkvæmt lögum eða kjarasamningi að greiða manni, er verður fyrir slysi eða veikist, koma að fullu til frádráttar bótum vegna ábyrgðartryggingar þessarar. Félagið greiðir ekki endurkröfu frá almannatryggingum.

26. gr. Vátryggingarfjárhæð

- 26.1 Ábyrgð félagsins vegna einstaks vátryggingaratburðar takmarkast við vátryggingarfjárhæð sem greind er í skírteini eða iðgjaldskvittun.
- 26.2 Verði fleiri en eitt tjón af sömu tjónsorsök, teljast þau vera af völdum eins vátryggingaatburðar. Heildarábyrgð félagsins á hverju vátryggingarári takmarkast einnig við fyrrgreinda vátryggingarfjárhæð.
- 26.3 Félagið greiðir vexti af bótafjárhæð og kostnað, sem til er stofnað með samþykki félagsins til þess að skera úr um skaðabótaskyldu vátryggðs, enda þótt greiðsla félagsins fari af þeim sökum fram úr vátryggingarfjárhæðinni. Sé vátryggingarfjárhæðin lægri en höfuðstóll bótafjárhæðar, greiðist aðeins sá hluti kostnaðar og vaxta, er svarar til vátryggingarfjárhæðarinnar.
- 26.4 Í hverju tjóni ber vátryggður eigin áhættu sem kemur fram á skírteini eða endurnýjunarkvittun. Nái höfuðstóll bótafjárhæðar ekki eigin áhættu, greiðir félagið heldur ekki kostnað, þótt krafan og kostnaðurinn verði samanlagt hærri en fjárhæð eigin áhættu.

27. gr. Varúðarreglur- áhættuaukning

- 27.1 Vátryggingartaka og þeim sem samsamast honum ber að fara eftir þeim varúðarreglum sem félagið setur í þessum skilmála eða á vátryggingarskírteini. Misbrestur á því getur leitt til skerðingar eða brottfalls bótaábyrgðar skv. 26. gr. laga nr. 30/2004.
- 27.2 Iðgjald þessarar vátryggingar fer eftir notkun vátryggðs hlutar eða starfsemi sem hann er notaður í og gefnar eru upplýsingar um við vátryggingartöku. Sé tiltekin ákveðin notkun/starfsemi á hinu vátryggða á vátryggingarskírteini og notkun/starfsemi breytist ber vátryggðum og/eða þeim sem réttar njóta samkvæmt vátryggingu þessari að tilkynna félaginu það jafnskjótt og þeim er kunnugt um breytinguna. Misbrestur á því getur valdið takmörkun á ábyrgð félagsins skv. 25. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.
- 27.3 **Varúðarregla: Vátryggðum er skylt að gæta þess, að við stjórn vinnuvéla og annarra tækja séu ekki aðrir starfsmenn en þeir, sem hafa lögskilin réttindi og hæfni til að stjórna slíkum tækjum.**

- 27.4 **Varúðarregla: Stjórnendur tækis eða vélar skulu vera í líkamlegu ástandi til þess að geta rækt störf sín örugglega og ekki undir áhrifum áfengis, örvandi eða deyfandi lyfja**
- 27.5 **Varúðarregla: Áður en hafinn er gröftur í jörðu, borvinna eða sögun í húsum eða utanhúss, skulu váttryggður og starfsmenn hans kynna sér legu á leiðslum, strengjum og öðrum lögnum, þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar.**
- 28. gr. Meðhöndlun skaðabótakröfu**
- 28.1 Jafnskjótt og váttryggingartaki fær vitneskju eða grun um að skaðabótakrafa verði gerð á hendur honum ber honum að tilkynna félaginu það skriflega.
- 28.2 Sé gerð skaðabótakrafa á hendur hinum váttryggða hefur félagið fyrisvar vegna þeirrar kröfu og eru heimilar hvers kyns ráðstafanir til þess að meðhöndla kröfuna svo sem viðurkenningu á bótaskyldu, verjast kröfunni eða gera um hana samkomulag enda eru þessar ráðstafanir á kostnað félagsins svo og málskostnaður vegna þeirra.
- 28.3 Félagið er ekki bundið af því ef váttryggður viðurkennir skaðabótakröfu nema leitt sé í ljós að váttryggður gerði aðeins það sem honum var skylt að lögum er hann greiddi kröfuna eða viðurkenni réttmæti kröfunnar.

3. kafli. Brunatrygging

29. gr. Váttryggingin bætir:

Skemmdir á vinnuvélinni vegna eldsvoða, eldingar eða sprengingar sem stafar af eldsvoða. Auk skemmda á vinnuvélinni nær váttryggingin til skemmda sem samtímis verða á varahlutum og þeim fylgihlutum vinnuvélarinnar sem teljast mega tilheyra eðlilegum útbúnaði þegar tjónið varð, enda séu hlutir þessir þá í vinnuvélinni. Það telst ekki eldsvoði þegar hlutir sviðna eða bráðna ef eldur er ekki laus.

30. gr. Önnur ákvæði:

- 30.1 Að öðru leyti gilda kaflar 1 og 4 um trygginguna, eftir því sem við á.

4. kafli. Sameiginlegir skilmálar

Þessi kafli gildir um alla hluta þessarar váttryggingar eftir því sem við á.

31. gr. Sektor

Félagið greiðir ekki bætur vegna sekta eða annarra refsiviðurlaga.

32. gr. Landfræðileg mörk váttryggingarinnar

Váttryggingin tekur aðeins til tjóns, er verður á Íslandi.

33. gr. Váttryggingartími

Váttryggingin tekur til atvika sem verða á gildistíma tryggingarinnar. Komi afleiðingar atviks, sem tjón hefur hlotist af og gerst hefur á váttryggingartímanum, ekki í ljós fyrr en váttryggingin er fallin úr gildi, greiðir félagið samt sem áður bætur. Á hinn bóginn greiðir félagið ekki bætur fyrir tjón vegna atviks, sem varð, áður en váttryggingartíminn hófst, enda þótt tjónið komi ekki í ljós fyrr en á váttryggingartímanum.

34. gr. Útreikningur iðgjalds – endurgreiðsla iðgjalds – eigandaskipti

- 34.1 Þegar iðgjaldið reiknast af breytilegum stærðum (svo sem veltu, vinnulaunum, fjölda starfsmanna, véla eða tækja) skal áætla iðgjald í upphafi váttryggingartímabils, en endanlegt iðgjald greiðist við lok þess. Innan eins mánaðar frá lokum váttryggingartímabilsins er váttryggðum skylt að láta félaginu í té allar þær upplýsingar sem það telur nauðsynlegar til endanlegrar ákvörðunar iðgjalds. Berist upplýsingar þessar ekki í tæka tíð, má félagið ákveða endanlegt iðgjald eins og það telur sanngjarnt. Ef endanlegt iðgjald er hærra en bráðabirgðaiðgjald sem reiknað var, ber váttryggingartaka að greiða mismuninn innan 14 daga frá því að þess var krafist. Sé endanlegt iðgjald lægra en bráðabirgðaiðgjaldið, ber félaginu að endurgreiða mismuninn innan 14 daga, frá því að útreikningur gat farið fram.

- 34.2 Greiði félagið bætur fyrir algert tjón vinnuvélarinnar lýkur váttryggingunni formlega þegar gengið er frá tjónsuppgjöri. Váttryggingartaki á ekki rétt á endurgreiðslu iðgjalds þegar svo stendur á.

- 34.3 Verði eigandaskipti að hinu váttryggða fellur váttrygging þessi niður. Váttryggingin gildir þó í 14 daga fyrir hinn nýja eiganda enda hafi hann ekki keypt aðra váttryggingu.

35. gr. Réttur þriðja manns – Samsömum

- 35.1 Váttrygging þessi er ekki til hagsbóta fyrir veðhafa nema félaginu sé tilkynnt það sérstaklega og það skráð á váttryggingarskírteini. Meðváttryggður getur aldrei eignast meiri réttindi á hendur félaginu heldur en váttryggður.

- 35.2 Sé váttrygging þessi notuð í atvinnustarfsemi getur félagið borið fyrir sig háttsemi starfsmanna váttryggðs sbr. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

Skilmálar þessir gilda frá 01.01.2019